

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.*

#### **5. Undirbúningsvinna við lagningu ljósleiðara – staða mála**

Á fundi sveitarstjórnar 26. mars s.l. var samþykkt að ráða verkefnastjóra til að vinna útboðsgögn vegna ljósleiðaralagningar í sveitarfélaginu. Nú hefur verkefnastjóri skilað sinni vinnu og fundað með stýrihópi vegna ljósleiðaravæðingar sem sveitarstjórn skipaði 4. júní s.l.

*Sveitarstjórn þakkar verkefnastjóra, Snorra G. Sigurðssyni fyrir vel unnin störf og mun það efni sem hann hefur skilað af sér gagnast afar vel þegar verkefnið kemst á útboðsstig. Staðan í verkefninu er hins vegar þannig að margir möguleikar hafa verið skoðaðir en rétt þykir á þessu stigi að hinkra eftir stefnumótun Alþingis um framkvæmd átaksverkefnis um ljósleiðaravæðingu alls landsins en sveitarstjórn gerir sér vonir um að slík stefnumótun liggja fyrir hjá Alþingi nú á haustþingi.*

#### **Til kynningar:**

- a. Fundargerð aðalfundar SSKS frá 25.09.2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:32



### **Viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa**

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir og Ragnar Bjarnason, sveitarstjórnarfulltrúar, verða til viðtals í Félagsheimilinu Breiðumýri

**fimmtudaginn 29. október n.k. frá kl. 20:00-21:30**

Sveitarstjóri



Kvenfélag Reykdæla býður öllum íbúum 67 ára og eldri á félagssvæði sínu upp á fótisnyrtingu hjá Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum, Hólavegi 2, 4., 5. og 6. nóvember

Að þessu sinni er fótisnyrtingin niðurgreidd af félaginu um 3000 kr. fyrir hvern einstakling.

Tímamantanir í síma 464 3200 eftir kl.13.00 á daginn.

Stjórnin.

## **Haustfundur**

**Kvenfélags Fnjóskdæla**

**Verður haldin í Skógum**

**Mánudagskvöldið 26. október kl. 20:30**

**Ræðum málefni komandi vetrar og eigum saman góða kvöldstund**

**Nýjar konur velkomnar í félagið.**

**Stjórnin**



## Kynningarfundur á starfsemi Seiglu - miðstöð sköpunar.

Þriðjudaginn 27. október kl. 20:30 verður haldinn kynningafundur á þeirri starfsemi sem hafin er í fyrrum húsnæði Litlulaugaskóla sem lið í mótvægisáðgerðum sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar. Fundurinn er haldinn þar.

Á fundinum verður farið yfir hlutverk verkefnastjóra, framvindu verkefnisins og þeirri starfsemi sem hafin er í húsnæðinu. Einnig verða umræður um framtíðarsýn starfseminnar og þeim möguleikum sem felast í húsnæðinu sem mynda ramma verkefnisins. Jafnframt verður kynning á greinargerð sem Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga vann um atvinnutækifæri í Þingeyjarsveit í kjölfar íbúafundar á vordögum. Greinargerðina má kynna sér á heimasíðu Þingeyjarsveitar. Reinhard Reynisson mun leiða þá umræðu.

Íbúar eru hvattir til að mæta, kynna sér tækifærin sem felast í verkefninu og taka þátt í spennandi umræðu um möguleg tækifæri til atvinnusköpunar til heilla fyrir sveitarfélagið í heild sinni.

Anita Karin Guttesen  
verkefnastjóri mótvægisáðgerða

Laugum.

Möguleikum á samnýtingu skólaakstur fyrir grunnskóla og framhaldsskóla. Mati á rekstrarkostnaði eins skóla af hagkvæmri stærð, samanborið við rekstur tveggja skóla í stóru og viðhaldsfreku húsnæði. Í framhaldi af þessari endurskoðun og opinni umræðu við íbúa um skólamál verði mörkuð stefna til framtíðar í skólamálum sveitarfélagsins.“

Undirritaðir: Freydís Anna Arngrímsdóttir, Ari Teitsson, Sigurlaug Svavarsdóttir, Friðgeir Sigtryggsson, Konráð Erlendsson, Kári Steingrímsson, Ingi Tryggvason og Snæbjörn Kristjánsson.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

*Sveitarstjórn þakkar erindið og bendir á að þær breytingar sem gerðar hafa verið á skólahaldi í sveitarfélaginu frá síðustu sveitarstjórnakosningum byggja á kosningastefnu A-listans sem birt var fyrir kosningar og er því framtíðarstefna sveitarfélagsins í skólamálum.*

*Hún hlýtur alltaf að taka mið af þróun barnafjölda í sveitarfélaginu. Í henni er horft til tengsla grunnskólans við Framhaldsskólann á Laugum. Í henni er horft til notkunar íþróttá- og tómstundaaðstöðu sem fyrir hendi er á Laugum.*

*Sveitarstjórn er reiðubúin til að skoða möguleika á samnýtingu skólaaksturs fyrir grunnskóla og framhaldsskóla.*

*Það er stefna sveitarstjórnar að frekari breytingar á skipulagi skólahalds í sveitarfélaginu þjóni ekki heildarhagsmunum íbúa og telur óeðlilegt að hún skuldbindi sig til að hverfa frá markaðri stefnu nú á fyrri hluta kjörtímabils og vandséð hvaða sátt er fölgin í því.*

*Sveitarstjórn hafnar því erindinu.*

*Tillaga oddvita samþykkt með með fimm atkvæðum fulltrúa A-lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T-lista.*

Fulltrúar T-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

*Það er skoðun T-lista að samþykkja eigi og skrifa undir sáttartillögu þá sem fyrir liggur enda er það skoðun T-lista að raunveruleg framtíðarstefna í skólamálum Þingeyjarsveitar sé varla fyrir hendi.*

#### **4. Holtakot í Þingeyjarsveit – umsókn um stofnun lóðar**

Tekið fyrir erindi dags. 5. október s.l. frá Þórhalli Ragnarssyni þar sem hann sækir um heimild til að stofna sérstaka lóð undir rofahús út úr landi Holtakots.

Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppdráttur frá Eflu verkfræðistofu á Akureyri.



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
15.10.2015  
178. fundur  
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 15. október kl. 9:15**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sigurlaug Svavarsdóttir í forföllum Ragnars Bjarnasonar og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 5.10.2015
2. Ferðaþjónustan Brekka ehf. – breyting á rekstrarleyfi
3. Erindi frá Snæbirni Kristjánssyni o.fl.
4. Holtakot í Þingeyjarsveit – umsókn um stofnun lóðar
5. Undirbúningsvinna við lagningu ljósleiðara – staða mála

**1.Fundargerð Fræðslunefndar frá 5.10.2015**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 5. október s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 6 liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

**2.Ferðaþjónustan Brekka ehf – breyting á rekstrarleyfi**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 23. júní s.l. þar sem Reynir Baldur Ingvason, forsvarsmaður fyrir Ferðaþjónustuna Brekku, sækir um breytingu á rekstrarleyfi til sölu gistingar að Brekku í Þingeyjarsveit vegna viðbótar á tveimur sumarhúsum.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á rekstrarleyfinu fyrir sitt leyti.*

**3. Erindi frá Snæbirni Kristjánssyni o.fl.**

Fyrir fundinum liggur erindi dags. 29. september s.l. sem er sáttartillaga til sveitarstjórnar frá Snæbirni Kristjánssyni og fleirum varðandi Litlulaugaskóla í Reykjadal og er hún svo hljóðandi:

„Sveitarstjórn skuldbindur sig til að endurskoða á næstu tveimur árum fyrirkomulag reksturs grunnskóla í sveitarfélaginu. Við þá endurskoðun verði m.a. tekið tillit til eftirfarandi þátta:

Þróun barnafjölda í einstökum sveitarhlutum.

Mögulegum tengslum grunnskólans við Framhaldsskólann á Laugum.

Möguleikum á nýtingu þeirra íþrótt- og tómsundaaðstöðu sem fyrir hendi er á

**Haustfundur Kvenfélags  
Ljósvefninga**



verður haldinn miðvikudagskvöldið 28. október

kl.20:30 í safnaðarheimili Þorgeirskirkju.

**Allar konur** velkomnar og alltaf

nóg pláss fyrir nýjar félagskonur.

Hittumst kátar og njótum kvöldstundarinnar saman

Stjórnin.

**Fótsnyrting** fyrir 67 ára

og eldri á félagssvæði Kvenfélags Aðaldæla  
verður í skólanum laugardaginn 31 okt.

Hulda á Búvöllum tekur við pöntunum í síma  
4643546 – 8983896 fyrir 29. okt.

Kvenfélag Aðaldæla



### Leirlistanámskeið fyrir börn

Haldið verður leirlistanámskeið fyrir börn í Listasmiðjunni á Laugum, Breiðanesi, alla mánudaga í nóvember frá kl. 15:15-17:15. Alls 5 skipti, kr. 20.000.- Innifalið í námskeiðinu er

leir, brennsla og glerungur. Áhersla er lögð á skapandi hugsun og að kynna kynna grunnaðferðir í mótun leirs. Skráning fyrir 30. október í s: 698 5161

### Leirlistanámskeið fyrir fullorðna

Í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga verður haldið leirlistanámskeið í Listasmiðjunni á Laugum, Breiðanesi. í nóvember. Alls 4 skipti í nóvember, þ.e. 3 laugardagar og 1 sunnudag, kr. 35.000.- Innifalið í verði er leir, brennsla og glerungur. Skráning og nánari upplýsingar hjá Þekkingarneti Þingeyinga, s. 464 5100.

Anita Karin Guttesen  
leirlistakona



## Djöflaeyjan í Dalakofanum.

Leikdeild Eflingar ætlar í vetur að rifja upp hluta af leiklistarsögu deildarinnar með sýningum á eldri leikverkum félagsins. **Föstudagskvöldið 30. október** verður fyrsta verkið sýnt á tjaldi í **Dalakofanum kl. 21:00**. Fyrir valinu varð í þetta sinn Djöflaeyjan í leikstjórn Harðar Þórs Benónýssonar og tónlistarstjórn Péturs Ingólfssonar. Enginn aðgangseyrir, en baukur á staðnum þar sem tekið verður við frjálsum framlögum til leikdeildarinnar. Þetta kvöld verður grillið opið til 20:30 í Dalakofanum og ýmis tilboð í gangi.

Hlökkum til að sjá ykkur.  
Leikdeild Eflingar

# DALAKOFINN

## Dalasvar

Fyrsta Dalasvar haustsins verður föstudaginn  
23.okt. kl.21.00  
Spurningaleikur þar sem 2-4 eru í liði.  
Gestaspyrill verður Karl Pálsson Víðikeri.

## Breyttur opnunartími

Frá 1.nóvember verður opið þannig:  
Mánudaga – miðvikudaga kl. 10 – 18  
fimmtudaga – laugardaga kl. 10 – 20  
sunnudaga kl. 12 – 20  
Eldhúsið lokar 15 mínútum fyrir lokun.

**Verið ávallt velkomin!**

Dalakofinn / Útibú ehf. [www.dalakofinn.is](http://www.dalakofinn.is)  
s. 464-3344



## Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

### Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2015. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **28. október n.k.**

### Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2015. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **28. október n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2014 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd  
Þingeyjarsveitar



## Messa Einarstöðum

Almenn guðspjónusta verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag 25. okt. kl. 14:00. Prestur verður Sr. Sighvatur Karlsson. Organisti Dagný Pétursdóttir.  
Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.



Hin sívinsæla  
**SUNDLEIKFIMI**

á vegum UMF Eflingar  
er nú að byrja aftur eftir sumarfrí.

Kennt verður í sundlauginni á Laugum  
á **fimmtudögum kl. 14<sup>00</sup> - 15<sup>00</sup>**

Gjald fyrir hvern tíma er 700 kr.

Leiðbeinandi er Friðrika Björk Illugadóttir  
og verður fyrsti tíminn þann **29. október**.

**Almennur opnunartími laugarinnar er:**

*Mán. til fim.:* 7<sup>30</sup> - 9<sup>30</sup> og 16<sup>00</sup> - 21<sup>30</sup>

*Föstudaga:* 7<sup>30</sup> - 9<sup>30</sup>

*Laugardaga:* 14<sup>00</sup> - 17<sup>00</sup>



Verum dugleg að nýta okkur þessa frábæru aðstöðu  
sem við höfum til að hittast í góðum félagsskap í  
notalegu umhverfi og endurnæra bæði líkama og sál!

42.tbl.  
22. okt  
2015  
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



**Tónleikar  
Karlakórinn Hreimur**

Ljósvefningabúð 28.okt. kl. 20.30

Skúlagarði 2. nóv. kl. 20.30

Skjólbrekku 4.nóv. kl. 20.30

Húsavíkirkirkju 9.nóv. kl. 20.30

Breiðamýri 18.nóv. kl. 20.30

Karlakórinn Hreimur er 40 ára á þessu ári og ætlar að minnst þeirra tímamóta með því að **bjóða** öllum á tónleika. Stjórnandi kórsins er Steinþór Þráinsson og undirleikari Steinunn Halldórsdóttir. Enginn aðgangseyrir verður innheimtur en til sölu verður nýr DVD og CD diskur sem tekinn var upp á Vorfagnaði kórsins 11. apríl 2015 þar sem Ljótu hálfvitarnir voru gestir. 14.nóv. verða tónleikar í Hofi með Karlakórnum Hreim og Ljótu hálfvitunum. Uppselt er kl. 20 en aukatónleikar verða kl. 23.00. Miðasala í Hof er á mak.is. Hvetum við alla að mæta og upplifa mikla söngveislu.

**Karlakórinn Hreimur.**